

Kjarasamningur
RARIK ohf.
og
SFR – stéttarfélags í almannajónustu

1. gr.

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. desember 2018 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara

2. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

1.mars 2015: 6%
1.maí 2016: 5,5%
1.maí 2017: 3%
1.maí 2018: 2%

3. gr.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 verður kr. 42.000
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 verður kr. 44.500
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 verður kr. 46.500
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 verður kr. 48.000

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2015 kr. 78.000
Á árinu 2016 kr. 82.000
Á árinu 2017 kr. 86.000.
Á árinu 2018 kr. 89.000


4. gr.

Samningsforsendur:

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 29. maí og 22. júní 2015, skal það sama gilda um samning þennan. Sama gildir um breytingar á forsenduákvæðum á grundvelli rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015.

Telji annar samningsaðili að aðlaga þurfi breytingar skv. ákvörðun forsendunefndar sérstaklega að kjarasamningnum þá getur hann innan tveggja vikna frá því niðurstaða forsendunefndar liggur fyrir óskað eftir viðræðum um hvernig sambærileg breyting taki gildi gagnvart samningi þessum.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er RARIK ohf. / SFR, innan tveggja vikna frá því ákvörðun um uppsögn almennra samninga liggur fyrir, heimilt að segja samningi þessum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Launabreytingar kjarasamnings, sem ekki eru komnar til framkvæmda þegar samningi er sagt upp, falla þá niður.



7. gr.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 26.11. 2015 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 23. nóvember 2015

F.h. SFR – stéttarfélag í almannajónustu

F.h. RARIK

Auni S. Jónsson

Þórunn Magnúsdóttir

Ólafur M. Halldórsson

Þórunn Magnúsdóttir

Sigrún Jónsdóttir

Þórunn Magnúsdóttir

Bókanir

Bókun 1

Vinnu samkvæmt meðfylgjandi yfirlýsingu aðila frá 28. apríl 2014 skal fram haldið í samstarfsnefnd og lokið fyrir 30. apríl 2016. Yfirlýsingin fer hér á eftir:

Yfirlýsing

SFR hefur lýst áhyggjum af launamun sem felst í því að heildarlaun kvenkyns félagsmanna hjá RARIK eru nokkuð lægri en heildarlaun karla. RARIK lýsir sig reiðubúið til að veita nánari upplýsingar í samstarfsnefnd um ákvörðun launa og leita leiða til að jafna laun komi í ljós að óútskýrður launamunur sé til staðar.


Reykjavík, 28. Apríl 2014

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að taka upp nýja launatöflu. Endurskoðun launatöflu og röðun starfsmanna í þá töflu og launasetning, skal lokið fyrir útborgun 1. mars 2016.

Bókun 3

RARIK mun endurskoða launasetningu einstakra starfsmanna með starfsmati sem leiðir til 3% kostnaðarauka. Skal starfsmatinu lokið fyrir 15. apríl 2017 og gilda frá og með 1. maí 2017.



**Samningafundur milli SFR og RARIK vegna
kjarasamnings 23. nóvember 2015.**


Fundargerð

Aðilar eru sammála um að starfsmannastjóri RARIK (Þröstur Magnússon) og fulltrúi frá SFR (Guðrún H. Sveinsdóttir) munu vinna að upptöku nýrrar launatöflu skv. Bókun 2 í kjarasamningi aðila frá 23. nóvember 2015.

Aðilar staðfesta fundargerð þessa með undirskrift sinni.

Reykjavík 23. nóvember 2015.

Fh. SFR



Fh. RARIK

